

Mánudaginn 7. ágúst 1916.

Nr. 5/1916: N. B. Nielsen
 gegn
 Tryggva Gunnarssyni

D ó m u r :

Haustið 1913 seldi áfrýjandi þessa máls, N. B. Nielsen, kaupmaður hér í bænum, stefnda Tryggva Gunnarssyni fyrrum bankastjóra, bátsvél, »Gideonmótor« 12 hesta kraft, sem ekkert vantar í og sem á að geta gengið vel, er hann verður reyndur eftir innsetningu í bát«, eins og segir í samningnum, sem gerður var um kaupin og dagsettur er 30. október. Verðið var ákveðið 1700 kr. og greiddi kaupandi 100 kr. af því við undirskrift samningsins, en 1600 kr. skyldi hann greiða í maímánuði 1914. Með því að vélin eigi reyndist nothæf í bát, er hún var sett í til reynslu, lét stefndi taka hana úr bátnum aftur og sagði sig frá kaupunum. En áfrýjandi leit svo á, að vélin væri í alla staði fullnægjandi eftir samningnum og að stefndi hefði riftað kaupunum að ástæðulausu. Höfðaði hann því þetta mál gegn stefnda á bæjarþingi Reykjavíkur til borgunar á ógreiddu kaupverði fyrir vélina, 1600 kr. með 6% vöxtum frá 1. júní 1914 til greiðsludags. En stefndi krafðist sýkunar af þessari kröfu og hóf jafnframt gagnsöök á hendur áfrýjanda til að fá hann dæmdan til að bæta sér fjárútlát, er hann hefði orðið að hafa við árangurslausar tilraunir til að notfæra sér vélina, 250 kr., og til að endurgreiða fyrnefndar 100 kr.,

samtals 350 kr. með 6^o/_o vöxtum. Með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 28. okt. f. á. voru aðilar sýknaðir hvor af annars kröfum í þessum málum, og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hafa báðir aðilar skotið til yfirdómsins, áfrýjandi með stefnu, dags. 21. jan. þ. á., og stefndi með gagnstefnu dags. 3. júní þ. á. Krefst áfrýjandi dóms í aðalsökinni fyrir kröfu sinni 1600 kr. með 6^o/_o ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og sýknudóms í gagnsökinni, svo og málskostnaðar í báðum málunum fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins. En stefndi krefst sýknudóms í aðalsökinni, en dóms fyrir kröfu sinni í gagnsökinni, 350 kr. með 6^o/_o ársvöxtum frá sáttakærudegi gagnsakar til borgunardags, og ennfremur málskostnað í báðum málunum fyrir undirrétti og yfirdómi, eftir mati réttarins.

Stefndi krefst sýknunar í aðalsökinni af þeirri ástæðu, að hin selda gangvél hafi eigi verið samningshæf, að hún hafi eigi haft 12 hesta afl, að vantað hafi í hana og að hún að öðru leyti hafi verið svo léleg, að eigi hafi verið unt að nota hana.

Það hafa að visu eigi verið færðar sönnur á það af áfrýjanda, að vélin hafi haft hið áskilda 12 hesta afl, enda er það viðurkent í málinu, að hér séu eigi til tæki til að prófa eða mæla afl slíkra véla. En hins vegar er ekkert komið fram í málinu, er bendi til þess, að vélin hafi eigi í upphafi getað haft það afl, sem um var samið, því að þótt eitt vitni, sem reyndi vélina, hafi borið, að vélin að sinni hyggjumundi eigi geta skilað 12 hesta afli í því ástandi er

Hún var þá í, er eigi með því sagt að vélin, er hún væri í góðu lagi, hafi eigi getað framleitt þetta afl. Í málsfærslu stefnda er og gert ráð fyrir að vélin mundi hafa getað knúið áfram með sæmilegum hraða bát þann, er hún var sett í, ef hún hefði eigi verið mjög slitin og gölluð að öðru leyti. Það virðist því eftir þessum málavöxtum eigi vera næg ástæða til að taka þessa aðfinslu stefnda við vélina til greina.

Þegar vélin var sett í bátinn, kom það í ljós, að nokkra hluti, þó eigi stórvægilega, vantaði í hana. En smiðir þeir, sem unnu að innsetningu vélarinnar í bátinn, hafa borið það sem vitni, að áfrýjandi hafi látið gera á sinn kostnað og lagt til þessa hluti í vélina, og þó að stefndi haldi því fram, að þessi vöntun hafi samt verið brot á samningnum og að hún hafi tafið fyrir því að vélin yrði notuð, þá virðist hann ekki hafa talið þetta svo mikið atriðismál, að hann þess vegna vildi sleppa kaupunum, þar sem eigi sést að hann hafi hreyft neinum mótmælum út af þessu við áfrýjanda, en hafði þó vélina í sínum vörslum til reynslu all-lengi eftir að áminstir hlutir voru fengnir. Stefndi þykir því eigi fyrir þessa sök eiga að vera laus við skuldbindingar sínar eftir samningnum.

Eftir að samningurinn var gerður lét stefndi setja vélina í bát, og gekk vélin þá meðan báturinn stóð uppi á dráttarbrautinni, þar sem hún var sett í hann, en er báturinn kom á flot, fékkst vélin eigi til að ganga. Áfrýjandi tók þá við, og fékk M. E. Jessen vélfræðiskennara við stýrimannaskólann til að koma vélinni í gang. Tókst það svo, að farin var

reynsluferð með bátinn í góðu veðri hér um höfnina, og hefir Jessen borið það sem vitni, að vélin hafi þá gengið vel, báturinn farið fullar 4 sjómilur á vöku, og annað vitni er og var á bátnum í þessari reynsluferð, hefir einnig borið, að vélin hafi gengið vel, að því er vitnið varð vart við, þó ekki meira en hérumbil 3 sjómilur á vöku, en að reynsluferðin hafi verið of stutt. Stefndi var eigi í bátnum í þessari ferð, og að því er virðist, enginn af hans hendi, en eftir hana tók hann við bátnum og vélinni og leigði bátinn, sennilega í því trausti að vélin væri komin í lag, útgerðarmanni á Akranesi til flutninga, en sá skilaði bátnum aftur eftir 4 daga, tjáðist ekki geta notað hann, af því vélin væri óhæf. Stefndi telur að ekkert mark sé takandi á reynsluferðinni hér á höfninni, því að hún hafi verið of stutt og farin í góðu veðri og logni, og það virðist eigi eins og á stóð, þurfa að líta svo á, að stefndi, með því að taka við vélinni eftir reynsluferðina, hafi viðurkent að vélin væri fullreynd, svo sem nothæf, samkvæmt kaupsamningnum.

Stefndi hefir mótmælt vitnisburði Jessens, af því hann er kvongaður stjúpdóttur áfrýjanda, og getur þá þessi vitnisburður samkvæmt N. L. 1-13-17 eigi komið til greina. Þeir menn, sem önnuðust innsetning vélarinnar í bátinn, hafa borið sem vitni um ástand hennar þá; telja þeir allir vélinu lélega og lítt nothæfa, og komast meðal annars svo að orði: »Var (mótorinn) svo lélegur, að eg taldi óráðlegt að láta hann í bát«. »Að vélin er ómöguleg til brúkonar fyrir stórgöllum sem á henni eru«. »Sá eg strax að mótór-

inn var ekki brúkandi og réði frá að nota hann. Hinsvegar hafa 2 menn, er kvaddir voru af bæjarfógeta eftir beiðni stefnda til að skoða vélina, 4. júlí 1914, látið uppi það álit og staðfest sem vitni, að vélin virðist ekki mjög slitin, og að ætla megi að hún væri viðunanlega vinnufær, ef hæfileg rannsókn (Eftersyn) sé á henni gerð, ráða þeir til, ef fullnægjandi aðgerð á vélinni fáist ekki hér, að láta verksmíðjuna, er vélin kom frá, annast aðgerðina, sem mundi kosta 200—300 kr. auk flutningskostnaðar. Þeir taka og fram, að þeir hafi eigi getað komið vélinni i gang, en kenna því um, að hún hafi staðið lengi óhreyfð og muni vera orðin ryðguð innan.

Það verður að skilja svo ákvæði kaupsamningsins, að vélin hafi, er kaupin gerðust, átt að vera í svo góðu lagi, að hún án verulegrar viðgerðar, gengi vel, er hún væri reynd eftir innsetningu í bát. En framburður 3 framangreindra vitna virðist sýna að þetta hafi eigi verið svo, og þessum framburði er eigi hnekt með skýrslu 2 síðarnefndu vitna, enda er framburður þeirra um ástand vélarinnar eigi jafn eindreginn eða ákveðinn sem hinna vitnanna, og þau virðast eigi hafa haft jafngóð tök á að rannsaka vélina, eftir að hún var komin í bátinn, eins og þau vitnin, er unnu að innsetning hennar. — Áfrýjandi heldur því reyndar fram að vélin hafi verið í góðu lagi eftir að Jessea gekk frá henni í bátnum, en að hún hafi farið aflaga fyrir illa meðferð og vankunnáttu þeirra manna, er stefndi eftir það lét fara með bátinn og að báturinn hafi verið illa lagaður og of stór fyrir slíka vél sem þessa. En þetta verður eigi

talið nægilega sannað og hins vegar virðist mega ráða það af vitnaskýrslunum og öðrum málsskjölum, að vélin hafi, er kaupin gerðust, verið í ólagi og þurft talsverðrar lagfæringar við, sem, eftir skýrslu skoðunarmannanna, óvíst var að fengist hér á landi. Eftir þessu verður eigi litið svo á, að vélin hafi verið í svo góðu lagi, sem stefndi átti kröfu til eftir samningnum, og var honum þá heimilt að segja sig frá kaupunum, fyrir því ber að sýkna hann af kröfu áfrýjanda.

Krafa stefnda í gagnsökinni er í 3 liðum: 1. endurgreiðsla á upphæð þeirri, er hann galt við undirskrift samningsins, 100 kr., 2. kostnaður við að setja vélina í bátinn og gera við hana og taka hana úr honum aftur, 215 kr., og 3. endurgjald fyrir ýmislegt, er kaupa hafi þurft til vélarinnar, 35 kr.

Í samningnum er svo ákveðið, að ef kaupandi greiði eigi síðari afborgun (1600 kr.) í tæka tíð séu eigi afturkræfar þær 100 kr., er hann hefir greitt. Þetta ákvæði virðist aðeins eiga við það, að kaupandi ranglega lætur farast fyrir greiðslu á réttum tíma, en ekki við það, er eigi verður af greiðslunni fyrir það, að stefnda var heimilt að hafna kaupunum. Það þykir því rétt, að áfrýjandi endurgreiði stefnda þær 100 kr., sem stefndi greiddi honum við undirskrift samningsins, með 6% ársvöxtum frá 6. nóv. 1914 til greiðsludags.

Í samningnum segir ekkert um það, hvor þeirra áfrýjandi eða stefndi, skuli leggja fram kostnað við innsetningu vélarinnar í bátinn og úrtöku, ef til kæmi, en það sést af málsskjölunum, að þeir hafa báðir

kostað nokkru til í því skyni, og það má telja sann-
að, að áfrýjandi hafi lagt til alt það, sem vantaði í
vélina. Eftir þessum málavöxtum verður eigi fallist
á, að stefndi eigi tilkall til að fá endurgoldinn þann
kostnað, er talinn er við 2. og 3. lið hér að framan,
og ber að sýkna áfrýjanda af þeirri kröfu.

Yfirdómurinn felst á ákvæði bæjarþingsdómsins
um málskostnað. Fyrir yfirdómi þykir málskostnað-
ur eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsökinni á stefndi Tryggvi Gunnarsson
að vera sýkn af kröfum áfrýjanda N. B. Nielsen.
Í gagnsökinni skal áfrýjandi greiða stefnda 100
kr. með 6% ársvöxtum frá 6. nóvbr. 1914 til
borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum rétt-
um falli niður.

Dóminum að fullnægja áður 8 vikur séu liðn-
ar frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 7. ágúst 1916.

Nr. 34/1916.

Páll Jónsson
yfirréttarmálflutningsmaður
gegn
Einari Arnórssyni ráðherra.